

LÖG

um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. skulu samanlögð starfslaun árið 2022 miðast við 1.800 mánaðarlaun.

Þrátt fyrir ákvæði 9. og 10. gr. skulu starfslaun og styrkir til sviðslistafólks og tónlistarflytjenda árið 2022 vera sem hér segir:

- a. Starfslaun og styrkir sviðslistafólks árið 2022 skulu svara til 240 mánaðarlauna, af þeim skulu minnst 50 mánaðarlaun ætluð sviðslistafólki undir 35 ára aldri.
- b. Starfslaun og styrkir tónlistarflytjenda árið 2022 skulu svara til 330 mánaðarlauna, af þeim skulu minnst 50 mánaðarlaun ætluð tónlistarflytjendum undir 35 ára aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Lilja D. Alfreðsdóttir.